



Fréttabréf

FRÁ SVEITARSTJÓRN SKAFTÁRHREPPS

AÐGERÐIR VEGNA COVID-19

Við erum þakklát fyrir hvað fáir hafa sýkst af covid-19 í Skaftárhreppi. En áhrifin á samfélagið eru mikil vegna þeirra aðgerða sem gripið var til á Íslandi til að forðast veiruna. Ferðaþjónusta liggur niðri og þjónusta er í lágmarki.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er nú að skoða hvað hún getur gert fyrir íbúa og fyrirtæki. Okkur langar að leita til ykkar eftir hugmyndum. Hvað vilt þú að verði gert?

Með ósk og von um gott samstarf

Sveitarstjóri og sveitarstjórn Skaftárhrepps



Hvað getur sveitarstjórnin gert fyrir íbúa og fyrirtækin í Skaftárhreppi?

Hvað er verið að gera í öðrum sveitarfélögum?

Hjálpumst að við að finna lausnir.

Sendu okkur hugmyndir eða hringdu í síma: 894 4617

Kynningarfulltrúi, Lilja:
kynning@klaustur.is

Atvinnumálafulltrúi, Þuríður:
framtid@klaustur.is

Ef þú ert með góða hugmynd endilega sendu hana til okkar.

Það er öllum frjálst að senda inn hugmynd og þær verða settar í pottinn með nafni sendanda eða án nafns eftir því sem fólk óskar.

Sveitarstjórn mun fara yfir allar hugmyndir á **fundi 22. apríl 2020** þar sem jafnframt verða kynntar fyrstu aðgerðir fyrir íbúa og atvinnulíf.

Sveitarstjórn fundar vikulega á fjarfundum næstu vikunar og verður aðgerðaráætlunin í stöðugri endurskoðun.



Listi yfir aðgerðir í Skaftárhreppi sem eru til að verja einstaklinga smiti

Verslunin Kjarval býður upp á heimsendingu í samstarfi við Póstinn og Rauða krossinn
 Heilsuleikskólinn Kæribær starfar áfram en með ýmsum ráðstöfunum til að forðast smit
 Kirkjubæjarskóli starfar sem áður með þeim ráðstöfunum sem voru ákveðnar fyrir páska
 Allt nám í Tónlistarskóla Skaftárhrepps fer fram í fjarnámi

Fyrir nokkru var sundlauginni, íþróttahúsinu og héraðsbókasafninu lokað

Hjúkrunarheimilið Klausturhólar starfar en engir gestir fá að koma þar inn

Starfsfólk á skrifstofu Skaftárhrepps tekur við erindum í síma 487 4840 og klaustur@klaustur.is en
 vinnur ýmist á skrifstofunni eða heima.

Sveitarstjórn hefur samþykkt viðbragðsáætlun og aðgerðaáætlun fyrir Skaftárhrepp sem eru
 aðgengilegar á klaustur.is

Hvert á að leita ef heilsa eða líðan er ekki góð?

Hringið í heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri á opnunartíma s. 432 2880

Læknavaktin svarar allan sólarhinginn í síma 1700 eða 1770

Heilsuvera.is er netsíða þar sem fagfólk svarar í netspjalli

Hjálparsími og netspjall hjá Rauðakrossi Íslands í síma 1717 og á raudikrossinn.is

Pietasamtökin hjálpa fólki sem glímir við erfiðar hugsanir. Sími 662 2218 og pieta@pieta.is

Sóknarpresturinn okkar, Sr. Ingimar Helgason, ræðir við þá sem vilja í síma 696 8707

Sími félagsþjónustunnar er 487 8125 á dagvinnutíma, eftir það fæst aðstoð í 112

Allir eiga rétt á lífi án ofbeldis: Kvennaathvarfið s. 561 1205 og Bjarkarhlíð 553 3000

